

Alþingi  
Erindi nr. p 12/11508  
komudagur 10/14 1997

Menntamála nefnd Alþingis  
B/t Sigríðar A. Þórðardóttir, formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

Um tillögu til þingsályktunar nr.307 um stöðu drengja í grunnskólum. Félag sálfræði- og uppeldisfræðikennara hefur tekið þessa tillögu til athugunar og er margt í henni sem okkur líst vel á en annað sem þarf að huga betur að.

Í tillögunni er mælt til þess að skipuð verði "nefnd sem leiti orsaka þess að drengir eiga við meiri félagsleg vandamál að etja í grunnskólum en stúlkur". Teljum við mjög æskilegt að stofna slíka nefnd en að fyrsta verk hennar yrði þá að kanna ástandið eins og það er í raun í dag.

Í greinargerð er rætt um að drengir taki meiri tíma kennarans en stúlkur og þeir séu fleiri í hópi þeirra sem þurfa á sérþjónustu og stuðningi að halda. Rétt er að rannsóknir hafa sýnt að drengir taki meiri tíma kennarans en líka hefur komið fram í einhverjum þessara rannsókna að drengirnir stýra því sjálfir, verði fúlir þegar kennari reynir að skipta tímanum jafnt milli kynja, þ.e. að þessi meiri tími sem drengir fá sé ekki endilega allur tengdur því að vandamál þeirra séu meiri.

Í ljósi rannsókna á vandamálum barna hafa þær hugmyndir komið fram að ýmis vandamál drengja birtast frekar í hegðunarerfiðleikum en stúlkur hafa tilhneigingu til að draga sig frekar í hlé, t.d. sýna þunglyndir drengir frekar hegðunarvandkvæði en þunglyndar stúlkur. Vandamál drengja verða því frekar sýnileg þar sem hegðun þeirra kallar á viðbrögð frá kennara.

Ekki er víst að það séu fleiri drengir en stúlkur sem þurfa sérþjónustu, hins vegar er ljóst að þeir fá oftast sérþjónustu. Ýmsir (Shaywitz & fl., 1990; Guðrún Bjarnadóttir, 1993) hafa haldið því fram að það að drengir fari fremur í sérkennslu en stúlkur stafi af meiri þjónustu við þá en stúlkurnar en ekki endilega að drengirnir séu í meiri vanda. Sem dæmi um þetta má nefna að þegar Guðrún Bjarnadóttir (1993) gerði úttekt á sambandi lestrareinkunna og umsókna skóla um sérkennslu í lestri í 3. - 6. bekk í grunnskóla í Reykjavík vorið 1991, kom í ljós að fyrir hópinn sem var með tvær hæstu lestrareinkunnirnar (einkunnina A og B á 6 stiga kvarða) var sótt um sérkennslu í lestri fyrir 4,2% drengja en fyrir 1% stúlkna með þessa lestrargetu. Þess ber að geta að þessar einkunnir fá um og yfir 60% nemenda, þ.e. allir þeir sem lesa í meðallagi miðað við sinn árgang. Fleiri drengir en stúlkur voru með A, hæstu einkunn en meðallestrareinkunnir kynjanna voru þær sömu. Í heild voru nokkru fleiri drengir en stúlkur með lágstu 3 einkunnirnar (en það var þó misjafnt eftir árgöngum og í 6. bekk voru hér fleiri stúlkur). Þetta eru þær einkunnir sem eiga að sýna að nemandinn á í erfiðleikum með lestur og þessar einkunnir fá yfirleitt innan við 10% nemenda. Sótt var um sérkennslu í lestri fyrir 55,6% drengja en ekki nema 44,2% stúlkna með þessar einkunnir.

Í greinargerð kemur fram að verið er að tala um meðaltalsmun á samræmdum grunnskólaprófum þegar rætt er um lélegri námsárangur drengja. Hér er vert að benda á að gagnrýnt hefur verið í kynjasamanburði á einkunnum (Feingold, 1995) að bera saman meðaltöl. Þegar gögn um prófaframmistöðu kynjanna eru borin saman kemur oftast í ljós að aðalmunurinn er á dreifingu einkunnanna, þ.e. stúlkurnar þjappa sér nær meðaleinkunn en einkunnir drengjanna dreifast meira. Þetta þýðir að fleiri drengir en stúlkur eru í ystu

endum dreifingarinnar, þ.e. hafa frekar hæstu einkunnir og þær lægstu. Því segja meðaltöl ekki alla söguna og fullyrðin um að námsárangur drengja sé almennt lakari stenst ekki.

Annað sem þarf að skoða hvað varðar samanburð á einkunnum er hugsanleg breyting í þjóðfélaginu. Hér í eina tíð var talið að strákar væru betri í stærðfræði og stelpur í málum. Þetta var líka raunin þegar litið var á einkunnir í þessum greinum í Bandaríkjunum fyrir u.þ.b. þrem áratugum (Feingold, 1988). Komið hefur í ljós að þessi munur er orðinn óverulegur í dag í því landi. Það að kynjamunur á námsárangri er breytileg stærð segir okkur tvennt, annars vegar að ástæða sé til að fylgjast með þeim mun og kortleggja hann áður en gengið er út frá honum sem vísun og hins vegar að hægt er að hafa áhrif á hann, hugsanlega með því að stofna nefnd eins og hér er lagt til.

Í greinagerðinni kemur m.a. fram að námið sé „fyrstu árin eins og eðlilegt framhald af leikjum og fönndri stúlkna en drengirnir eigi mun erfiðara með bæði fínhyringar og tjáningu”. Síðan er talið að jafnvel eigi að hefja markvissa þjálfun strax í leikskóla. Hér má líka skoða málin frá annarri hlið. Markviss þjálfun fínhyringa þýðir yfirleitt að lita og fönndra sem eins og bent er á virðist liggja frekar innan áhugasviðs stúlkna en drengja. Spurningin hér er hvort hegðunarvandamál drengja innan grunnskólans stafi að einhverju leyti af því að verkefni sem börnin eru að fást við eru síður inni á áhugasviði drengja, s.s. að þeim leiðist.

Greinagerðin talar um ýmiss félagsleg vandamál drengja svo sem hærri afbrotatíðni, slyshættu o.fl. Þetta virðist nokkuð svipað hér og í öðrum löndum. Ekki er ljóst að þessi vandamál séu tengd göllum á skólakerfi okkar og úrbætur þurfa væntanlega aðgerða fleiri aðila.

Það að fáir karlmenn fást til kennslu í grunnskólum og leikskólum er staðreynd og líklega væri mjög æskilegt að breyting yrði þar á en gerum við ráð fyrir að það verði áfram vandamál á meðan laun kennara eru eins og raun ber vitni.

Í greinagerðinni með tillögunni er dregið á mörg atriði sem ástæða er að kanna. Hins vegar ítrekar félag sálfræði og uppeldisfræði kennara að þörfin á að kanna stöðu stúlkna hvað varðar félagslega og námslega þætti er ekki síður brýn. Það er gengið út frá vandamálu drengja í þessari tillögu en hugsanlegt væri að athuga þurfi betur stöðu stúlkna innan skólakerfisins. Það mætti m.a. athuga hvers vegna stúklur fá sjaldnar sérþjónustu í skólum en drengir og hvaða afleiðingar minni tími kennarans þeim til handa hefur á þær. Varast ber að styðjast um of við kvörtunartölur því það er ekki gefið að þær endurspegli að öllu leyti vandann eins og hann er í raun. Það væri til bóta að fela nefnd að skoða stöðu beggja kynja betur áður en ákveðið er hvað á að gera í málunum.

F.h. félags sálfræði og uppeldisfræði kennara



Guðmunda Birgisdóttir, formaður.  
Eiðismýri 24, 170 Seltjarnarnes.

Heimildir:

Feingold, Alan (1988) Cognitive gender differences are disappearing. American Psychologist, 43 (2), 95-103.

Feingold, Alan (1995) The additive effects of differences in central tendency and variability are important in comparisons between groups. American Psychologist, 50 (1), 5-13.

Guðrún Bjaarnadóttir (1993) Girls, Boys and Reading Difficulties. magistersritgerð til M.S. gráðu frá The Pennsylvania State University, Bandaríkjunum.

Shaywitz, Sally E., Shaywitz, Bennett A., Fletcher, Jack M. & Escobar, Michael D. (1990) Prevalence of Reading Disability in boys and girls. Results of the Connecticut Longitudinal Study. J. of American Medical Association, 264 (8), 998-1002.